

GJALDSKRÁ

fyrir hundahald í Fjallabyggð.

1. gr.

Af hundum í Fjallabyggð skal Fjallabyggð innheimta gjald samkvæmt gjaldskrá þessari, sem ætlað er að standa undir kostnaði við framkvæmd samþykktar um hundahald í Fjallabyggð.

2. gr.

Hundaleyfisgjald greiðist árlega kr. 10.000. Innifalinn í leyfisgjaldi er sá kostnaður sem verður vegna umfjöllunar, umsýslu, auglýsinga, skráningar, heilbrigðisskoðunar dýralæknis, ormahreinsunar og aflesara. Allur annar kostnaður sem til fellur vegna hunda, skal greiddur af leyfishafa.

Um vexti af vangreiddum gjöldum samkvæmt gjaldskrá þessari gilda almennar reglur. Um innheimtu gjalda fer samkvæmt ákvæðum laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998. Gjöld samkvæmt gjaldskránni má innheimta með fjárnámi.

3. gr.

Handsömunargjald, samkvæmt 11. gr. samþykktar um hundahald í Fjallabyggð, skal vera kr. 5.000. Ef vista þarf hund yfir nótt, skal greiða vörslugjald að fjárhæð kr. 900 fyrir hvern dag umfram fyrsta sólarhringinn. Að auki skal greiða allan útlagðan kostnað Fjallabyggðar vegna hundar.

Eigandi hundar getur fengið hann afhentan, að aflokinni skráningu og gegn framvísun á staðfestingu fyrir greiðslu handsömunargjalds auk annars áfallins kostnaðar vegna brotsins.

4. gr.

Gjaldskrá þessi miðast við vísitölu neysluverðs í janúar 2012 og uppfærast einu sinni á ári miðað við vísitölu neysluverðs (grunnur frá 1988).

5. gr.

Ofangreind gjaldskrá var samþykkt í bæjarstjórn Fjallabyggðar þann 11. janúar 2012 á grundvelli 25. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, og öðlast hún gildi við birtingu í B-deild Stjórnartíðinda.

Áður samþykktar gjaldskrár um hundahald í Fjallabyggð falla hér með úr gildi.

Fjallabyggð, 13. febrúar 2012.

Sigurður Valur Ásbjarnarson
bæjarstjóri.